



# Akraneskaupstaður

## Reglur um ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra á Akranesi

### 1. gr.

#### Réttur til ferðaþjónustu og inntak hennar

Akraneskaupstað ber skylda til að veita íbúum sveitarfélagsins ferðaþjónustu í samræmi við almenn markmið laga um málefni fatlaðs fólks og aldraðra. Lögin fela í sér að fólk séu sköpuð skilyrði til að lifa eðlilegu lífi miðað við getu hvers og eins og jafna aðstöðum sem kann að vera til staðar.

Reglur þessar skulu tryggja að fötlun einstaklinga komi ekki í veg fyrir að þeir geti stundað atvinnu og nám og notið tómstunda og afþreyingar. Er átt við þá atvinnu, nám og tómstundir sem hinn fatlaði einstaklingur hefur valið sér.

Tryggja skal rétt fatlaðs fólks og aldraðra til aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar sértækrar þjónustu við fatlaða og aldraða.

Skilyrði er að fötlun umsækjanda falli að skilgreiningu laga um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992 með síðari breytingum.

### 2. gr.

#### Notendur þjónustunnar

Skilgreindur hópur notenda sem rétt eiga á þjónustu er eftirfarandi:

Að notandi eigi lögheimili í sveitarfélagini

Að notandi geti ekki nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar

Að notandi eigi ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Að notandi sé eldri en 67 ára, búi sjálfstætt og sé ófær um að nota almennингssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar og hafi ekki aðgang að eigin farartæki. sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Með langvarandi hreyfihömlun er átt við hreyfihömlun sem hefur verið viðvarandi í að minnsta kosti 3 mánuði. Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða s.s vegna beinbrota eða hnjaskeptaðgerða. Í tilvikum þar sem einstaklingar eru félagslega einangraðir og hafa lítil fjölskyldutengsl er heimilt að veita akstursþjónustu þó um skemmrri en 3ja mánaða hreyfihömlun sé að ræða.

### 3. gr.

#### Fyrirkomulag

Akraneskaupstaður er með samning um ferðaþjónustu við Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili og sinnir þannig ákvæðum þessara reglna.

Viðmið um ferðafjölda skulu taka tillit til þarfa hvers og eins.

Þegar um er að ræða ferðir vegna atvinnu eða náms skal miða við að hver og einn notandi fái eins margar ferðir og eðlilegt má telja að atvinna eða nám kalli á, þó að hámarki 60 ferðir á mánuði.

Auk þess á einstaklingur rétt á að lágmarki tveimur ferðum þá daga sem viðkomandi sækir þjónustu á þjónustustofnanir eða aðra nauðsynlega þjónustu sem veitt er fötluðu fólk og öldruðum.

Ferðir vegna afþreyingar eða tómstunda skulu metnar í samráði við hvern og einn og skal í öllum tilfellum meta þarfir og markmið viðkomandi einstaklings og getu hans til að ná þeim markmiðum.

#### **4. gr.**

#### **Afgreiðsla beiðna um akstursþjónustu**

Umsókn um akstursþjónustu fatlaðra og aldraðra skal berast til verkefnisstjóra heimaþjónustu Akraneskaupstaðar.

Umsókn um ferðaþjónustu skal svarað eins fljótt og auðið er og í öllum tilvikum innan fjögurra vikna frá því hún er lögð fram.

Skal umsóknin metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér almenningssamgöngur og /eða aðra ferðamöguleika.

Mat umsóknar skal vera í höndum verkefnisstjóra heimaþjónustu og félagsmálastjóra Akraneskaupstaðar. Í álitamálum skal leita umsagnar læknis.

Mat umsóknar gildir eitt ár í senn.

#### **5. gr.**

#### **Pantanir/afpantanir**

Tekið er á móti pöntunum alla virka daga milli kl. 9:30 – 12:00 og 13:30 - 15.30 hjá verkefnisstjóra heimaþjónustu s. 433 1000. Beiðni um akstur þarf að koma á framfæri með dags fyrirvara. Fyrir mánudaga þarf pöntun þó að berast eigi síðar en á föstudagi.

Afpöntun ferðar skal vera með sem mestum fyrirvara helst deginum áður, en í undantekningartilvikum 3 klst. fyrir fyrirhugaða ferð, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

#### **6. gr.**

#### **Tilhögun ferða**

Ferðaþjónusta er almennt veitt frá kl. 7:30 – 17:00 virka daga. Sækja skal sérstaklega um ferðaþjónustu vegna tilfallandi ferða.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B.

Farþegar skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Biðtími fyrir farþega skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur. Við sérstakar aðstæður skal veita farþega aðstoð við að komast frá heimili sínu í bílinn.

Ekki er beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu.

Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir farþega. Farþega sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu, enda ekki vitað fyrirfram hve viðtalið taki langan tíma.

Ferðaþjónusta fatlaðra er sérhæfð þjónusta og þurfa farþegar því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun.

#### **7. gr.**

#### **Aðrir farþegar/aðstoðarmenn**

Geti farþegi ekki ferðast einsamall, getur ferðaþjónustan krafist aðstoðarmanns með honum. Aðstoðarmaðurinn greiðir ekki gjald fyrir ferðina.

#### **8. gr.**

#### **Gjaldtaka**

Í samræmi við gjaldtökuhheimild laga um málefni fatlaðs fólks skal gjaldið taka mið af almenningssamgöngum hjá sveitarfélaginu. Á Akranesi eru almenningssamgöngur endurgjaldslausar (mars 2012).

## **9. gr.**

### **Ferðir út fyrir mörk sveitarfélags**

Sé þjónustustofnun eða önnur nauðsynleg þjónusta fyrir fatlað fólk, sbr. 1. gr., staðsett í öðru sveitarfélagi getur lögheimilissveitarfélag kannað hvort grundvöllur sé fyrir samkomulagi milli sveitarfélaganna sem tryggi aðgang að þeirri þjónustu. Sama gildir ef notandi dvelst tímabundið í öðru sveitarfélagi. Frumskylda skv. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks hvílir þó ávallt á lögheimilissveitarfélagi notanda.

## **10. gr.**

### **Þjónustuþættir og þjónustustig**

Framkvæmd ferðaþjónustu skal styðja við það markmið að efla vald fatlaðs fólks yfir aðstæðum sínum og lífi, styrkja félagslega stöðu þess, sjálfsvirðingu og lífsgæði. Akstur nær til stofnana innan heilbrigðis- og félagsþjónustu svo og til annarra opinberra stofnana.

## **11. gr.**

### **Leiðbeiningarskylda og áfrýjunarréttur**

Þegar leyst er úr erindi um ferðaþjónustu ber að gefa notanda, og talsmanni hans, ef við á, upplýsingar um andmælarétt og leiðbeiningar um möguleika til þess að kalla eftir endurskoðun á ákvörðun.

Fatlaður/aldraður einstaklingur getur áfrýjað ákvörðun verkefnisstjóra heimaþjónustu til Fjölskylduráðs Akraneskaupstaðar. Niðurstöður Fjölskylduráðs eru kæranlegar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, sbr. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála fjallar um málsmeðferð, rétt til þjónustu og hvort þjónustan er í samræmi við lög, reglugerðir eða reglur hlutaðeigandi sveitarfélags sem settar eru á grundvelli laganna.

Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent póstþjónustu áður en fresturinn er liðinn.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Um málsmeðferð fer skv. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og stjórnsýslulögum.

## **12. gr.**

### **Endurskoðun**

Reglur sveitarfélags skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 3.gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

Við endurskoðun á viðmiðum um ferðafjölda gildir eftirfarandi:

**Tilkynningar og samráð:** Tilkynna ber notendum, talsmönnum þeirra og réttindagæslumönnum um það þegar almenn viðmið um ferðafjölda eru tekin til endurskoðunar. Umsagna skal leitað ef notendur eiga ekki fulltrúa í því ráði eða nefnd innan sveitarfélagsins sem undirbýr breytingu.

**Athugun á viðmiðum í öðrum sveitarfélögum:** Skoða ber fyrirkomulag þjónustunnar í aðliggjandi sveitarfélögum eða innan þjónustusvæðis með það

fyrir augum að framkvæmdin verði eins og best gerist. Samhliða ber að kanna möguleika á samkomulagi um ferðir milli sveitarfélaga sbr. 10. gr.

**Aðlögunartími:** Gefa ber notendum aðlögunartíma áður en ákvörðun um ný viðmið kemur til framkvæmda.

**13. gr.  
Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 4. júlí 2012

Samykkt í fjölskylduráði 4. júlí 2012

Helga Gunnarsdóttir  
Helga Gunnarsdóttir  
framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu